

# FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

## KÆRU NEMENDUR OG FORELDRAR

Nú er sumarleyfið að baki og munum við hefja skólastarfið í Síðuskóla með skólasetningu þann 22. ágúst. Áður en skóla lauk í vor fluttum við árgangana til í skólanum. Einnig flutti rými sérdeildar og frístundar. Nú er 8.-10. bekkur á A-gangi, 5.-7. bekkur á B-gangi og sérdeildin. Á C-gangi er 3. og 4. bekkur og á D-gangi 1. og 2. bekkur ásamt frístundinni. Við trúum því að þessar breytingar verði til góðs og er spennandi að byrja nýtt skólaár með nýju fyrirkomulagi. Nokkrir nýir starfsmenn hafa bæst í hópinn til okkar og erum við enn að ráða nýtt fólk til starfa. Það verður vonandi hægt að ganga frá þeim ráðningum á allra næstu dögum. Eins og staðan er í dag þá eru 370 nemendur í skólanum og starfsfólkið telur 84. Við bjóðum bæði nýja nemendur og nýtt starfsfólk velkomið í hópinn til okkar.

Skólasetning verður fimmtudaginn 22. ágúst og nemendur mæta á sal eins og hér segir:

2. - 5. bekkur klukkan 9.00

6. - 10. bekkur klukkan 10.00

Nemendur sem hefja nám í 1. bekk verða boðaðir í viðtal ásamt foreldrum hjá umsjónarkennurum. Á skólasetningunni mæta nemendur fyrst á sal þar sem skólastjórinn tekur á móti þeim og síðan fara þeir með umsjónarkennurum í sínar heimastofur. Foreldrar eru að sjálfsögðu velkomnir á skólasetninguna og gaman væri að sjá sem flesta. Það er gaman að segja frá því að núna á Síðuskóli 35 ára afmæli en hann tók til starfa haustið 1984 og hefur mikið breyst í skólanum síðan þá. Hér fyrir neðan má sjá eina mynd sem tekin var af skólanum á fyrstu starfsárum hans. Það er nauðsynlegt að við sem stöndum að skólanum lítum á okkur sem eina heild hvort sem við erum nemendur, starfsfólk eða foreldrar/forráðamenn. Við þurfum að hafa að leiðarljósi einkunnarorð skólans ábyrgð, virðingu og vináttu og vera samstíga í að byggja upp framsækinn og öflugan skóla þar sem allir eru metnir að verðleikum og líður vel.

Með von um gott samstarf á nýju skólaári!

Ólöf Inga



# HEIMASÍÐA SKÓLANS

Við viljum minna á heimasíðu skólans, siduskoli.is. Þar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um starfið í skólanum, t.d. skóladagatal, matseðla, og skólanámskrá.

OPNUNARTÍMI  
SKRIFSTOFU


SKRIFSTOFA SKÓLANS  
ER OPIN ALLA VIRKA  
DAGA FRÁ KL. 8:00-  
16:00.  
SÍMANÚMER SKÓLANS  
ER 462 2588.

## Á DÖFINNI

- 23. ágúst Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá.
- 30. ágúst Þemadagur - 35 ára afmæli Síðuskóla.
- 28. ágúst 6. bekkur í siglingu með Húna.
- 4. september Þemadagur - göngudagur.

## FRÍSTUND

NÝR UMSJÓNARMAÐUR ER GYÐA  
FANNEY GUÐJÓNSDÓTTIR.  
BEINT SÍMANÚMER 461 3473.  
NETFANG: GFG@AKMENNT.IS

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
				
				23. ágúst Blómkálssúpa, súpubrauð, ávextir
26. ág. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	27. ág. Hakkbollur, kartöflustappa, brún sósa, ávextir	28. ág. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, sinneppsósa, grænmeti	29. ág. Kjúklingur, kryddkartöflur, sveppasósa, grænmeti	30. ág. Skyr, brauð, álegg
2. sept. Fiskur í raspi, kartöflur, kokteilsósa, lauksmjör, ávextir	3. Hakk og spaghetti, hvítlauksbrauð, grænmeti	4. Karrýfiskur, hrísgrjón, salat	5. Lambagúllas, kartöflustappa, grænmeti	6. Ítalskt pasta, snittubrauð, salat
9. Fiskigratín, hrísgrjón, piparsósa, ávextir	10. Soðið slátur, kartöflur, jafningur, ávextir	11. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	12. Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat	13. Mjólkurgrautur, slátur
16. Krebinettur, kartöflur, brún sósa, grænmeti	17. Sílungur, kryddkartöflur, ofnbakað grænmeti, köld sósa	18. Lambakjöt, hrísgrjón, karrýsósa, kartöflur, grænmeti	19. Fiskipottréttur, hrísgrjón, ávextir	20. Grænmetisúpa, brauð, salat
23. Fiskibollur, hrísgrjón, karrýsósa, ávextir	24. Kjötsúpa	25. Grænmetisréttur, salat	26. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	Lambapottréttur, kartöflustappa, grænmeti

